

Tillaga	A 1973/UKK
Flytjandi	Norræn vinstri græn
Afgreiðsla	Norræna þekkingar- og menningarnefndin

Þingmannatillaga um þátt menningar og tómstunda í að minnka kolefnisfótspor hversdagslífsins

Norræn vinstri græn leggja til að Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

- að kanna hvernig menning og tómstundir geta stuðlað að minnkun neyslutengdrar losunar og minnkað kolefnisfótspor hversdagslífsins
- að vinna skýrslu sem beiti vistferilsmati til að meta loftlags- og auðlindafótspor mismunandi menningarstarfsemi, svo sem heimsóknna á söfn og gallerí, leikhússýninga, tónleika og annarra tegunda listrænnar tjáningar
- að vinna skýrslu sem beiti vistferilsmati til að meta loftlags- og auðlindafótspor mismunandi frístunda- og tómstundastarfs, svo sem stangveiði, skapandi starfs, áhugamála og tómstunda barna og fullorðinna, til dæmis sundlauga, leiksvæða og leikvalla, sem og náttúruupplifunar, hjólreiðatúra, garðyrkju, lestur, ljósmyndunar og göngutúra
- að vinna á grundvelli þessarar greiningar tillögu um hvernig loftlagsmeðvitaðir borgarar geta nýtt tíma sinn og peninga fyrir menningu og tómstundir á sem loftlagsvænstan hátt, meðal annars með því að hvetja til iðju sem hefur lítið kolefnisfótspor

Bakgrunnur

Kolefnisfótspor Norðurlandabúa er verulegt, en til dæmis losar hver Dani að meðaltali 13 tonn af koldíoxíði á ári samkvæmt nýrri skýrslu Concito. Milliríkjanefnd Sameinuðu þjóðanna um loftslagsmál (IPCC) hefur komist að þeirri niðurstöðu að til þess að markmiðið um 1,5 gráðu hlýnun náist má hver einstaklingur ekki losa meira en 3 tonn af koldíoxíði á ári. Því er ljóst að brýn þörf er fyrir því að minnka kolefnisfótspor okkar.

Menningar- og tómstundastarf er stór hluti af daglegu lífi og velferð Norðurlandabúa og reiknað loftlags- og auðlindafótspor þess er minna en fótspor efnislegrar neyslu. Um leið hefur það jákvæð áhrif á hamingju, samheldni og geðheilsu.



Tilgangur þessarar þingmannatillögu er að afmarka loftlagsfótspor menningar- og tómstundastarfs og gera fólki kleift að taka loftlagsvænar ákvarðanir. Það má gera með því að vinna skýrslu sem byggð er á vistferilsmati á umhverfislegum afleiðingum ýmiss menningar- og tómstundastarfs.

Niðurstöður þessarar skýrslu munu skapa grundvöll fyrir gerð ráðlegginga sem geta hjálpað Norðurlandabúum að taka upplýstar ákvarðanir sem minnka kolefnisfótspor þeirra um leið og þeir njóta nærandi menningar- og tómstundastarfs.

Enn fremur munu þessar niðurstöður gagnast sem traustur grundvöllur fyrir Norðurlönd til að fjárfestingar í menningu verði viðurkenndar sem mikilvægur hluti af loftlagsvænni og grænni stefnu í atvinnumálum. Slíkt stuðlar að sjálfbærara jafnvægi milli hagvaxtar og samfélagsstarfs, verndun umhverfis okkar og menningararfs og að fólk lifi góðu lífi með litlu kolefnisfótspori.

Norðurlöndum, 25. september 2023

Marianne Bigum (SF)
Jette Gottlieb (Ø)
Orri Páll Jóhannsson (VG)
Lorena Delgado Varas (V)
Kathy Lie (SV)

Freddy André Øvstegård (SV)
Tobias Drevland Lund (R)
Veronika Honkasalo (VF)
Mariane Paviasen (IA)
Erling Ejdesgaard (T)